

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3,
850 Hellu

Garðabær, 26. september 2025
202508-0040/A.B.
08.02

Efni: Umsögn – Lýsing - Deiliskipulag - Leynir 2 - Rangárþing ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 13. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Leynir 2 í Rangárþing ytra.

Í erindinu kemur fram að nýtt deiliskipulag nær yfir um 4 ha af landi Leynis 2. Leynir 2 er skráð 25 ha að stærð skv. fasteignaskrá HMS. Gert er ráð fyrir gistingu í þjónustuhúsi og minni gestahúsum (kúluhúsum) fyrir allt að 50 gesti, skv. flokki II. Þá verður áfram heimilt að reka tjaldsvæði. Aðkoma að svæðinu er Landveg 26.

Í greinargerð kemur einnig fram að Leynir 2 er staðsett á Þjórsárhrauni, forsögulegu hrauni sem rann fyrir 8600 árum síðan. Ekki sér í hraunið á yfirborði í landi Leynis. Svæðið nýtur ekki sérstakrar verndar en allt Suðurlandsundirlendið er talið mikilvægt fuglasvæði, sbr. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er innan svæðis sem er skilgreint mikilvægt fuglasvæði og nefnist það Suðurlandsundirlendið. Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannglegra umsvifa á þéttleika mófugla.¹

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Skúli Þórðarson
verkefnastjóri